



Skólaráðsfundur 3. október 2019

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Kristín Hjartardóttir og Vala Vilhjálmisdóttir fulltrúar foreldra, Sigmundur Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný Lárusdóttir framkvæmdarstjóri UMFN sem fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Sigurður Magnússon formaður nemendafélags skólans, Kári Snær Halldórsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari).

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir hlutverk skólaráðs og kynnti fulltrúa skólaráðsins fyrir hvað í skólasamfélaginu þau eru fulltrúar fyrir.
2. Ásgerður kynnti starfsáætlun skólaráðs en hún er einnig á heimasíðu skólans. Fór yfir dagskrá hvers fundar.
3. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir Starfsáætlun skóla sem er unnin til eins árs sem og Skólanámskrá sem er unnin til þriggja ára. Fundarmenn höfðu fengið Starfsáætlun og Skólanámskrá til yfirlestrar í tölvupósti. Rætt var um athugasemdir fundarmanna og mun Guðný laga það sem þarf. Eftir yfirferð var Starfsáætlun og Skólanámskrá borin upp til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift. Starfsáætlun og Skólanámskrá skólans er svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
4. Ásgerður sagði frá ytra mati sem skólinn er að fara í frá Menntamálaráðuneytinu. Búið er að senda öll gögn frá okkur en matsmenn koma í skólann 4.-8. nóvember, sitja í kennslustundum hjá okkum bekkjum og taka rýnivíðtöl við alla hópa skólasamfélagsins. Ásgerður útskýrði ferli ytra mats og hvernig unnið er úr niðurstöðum.
5. Ásgerður fór yfir skólabyrjun.
  - a. Skólastarf hefur farið vel af stað og ráðningar gengu mjög vel.
  - b. margir nýir starfmenn sem skýrist að stækkun Asparinnar en einnig að fleiri nemendur þurfa stuðning í bekkjum sem og í frímínútum
  - c. margir leiðbeinendur í námi sem fara í innilotur í sínu námi, Ásgerður sagði frá styrk frá Reykjanesbæ varðandi námslotur leiðbeinenda
  - d. Ásgerður sagði frá stækkun Asparinnar sem gekk mjög vel og náðist að afhenda hana fyrr en áætlað var.
6. Ásgerður fór yfir áherslur skólaársins
  - a. námsferð starfsmanna sem tekur yfir marga starfsdaga sem og einn skertan nemendadag en þann dag er kennsla til 9:35
  - b. sagt frá þróunarverkefninu Allir konfektmolarnir sem er samstarfsverkefni hjá sérkennurum í 305, Öspinni og öðrum kennurum
  - c. áherslur skólaársins eru lestur og líðan nemenda
7. Önnur mál:
  - a. Ásgerður ræddi um breytingu á skólareglum sem starfsmenn vilja sjá, þ.e. að taka út í grein 2 undir Umgengni – öryggi um bann við sínum á göngum. Málið var rætt stuttlega og samþykkt að taka þetta út með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna.



- 
- b. Kári spurði hvort það yrði breyting á reglu um yfirhafnir en það hefur ekki verið í umræðunni skv. stjórnendum.
  - c. Næsti fundur verður fyrir jóla og verður þá farið yfir niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk, sjálfsmatskýrslu síðasta skólaárs auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri